

Ársreikningur 2016



Hvalfjarðarsveit

Efnisyfirlit

Bls.

Áritun endurskoðenda	3-4
Áritun stjórnenda	5
Rekstrarreikningur	7
Efnahagsreikningur	8-9
Sjóðstreymi	10
Skýringar	11-27

Hvalfjarðarsveit

Innrimel 3

301 Akranes

Sími: 433 8500

Fax : 433 8501

Kt. 630606-1950

Áritun óháðs endurskoðanda

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Hvalfjarðarsveitar fyrir árið 2016 sem hefur að geyma ársreikning fyrir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins. Ársreikningurinn greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2016, afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Grundvöllur álit

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð Hvalfjarðarsveit í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber sveitarstjórn og sveitarstjóra að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema það sé ekki lengur til staðar.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um að ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka, ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé fram hjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun sveitarstjórnar og sveitarstjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum á grundvelli endurskoðunarnar hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar, eða ef sílikar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtoldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna um fjárhagsleg málefni rekstrareininga sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.


Við upplýsum sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjórnar, sem fylgir ársreikningi þessum, eru veittar þær upplýsingar sem þær ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

28. mars 2017.

Endurskoðunarstofan Álit ehf.



Löggiltur endurskoðandi

Áritun sveitarstjóra og sveitarstjórnar

Ársreikningur Hvalfjarðarsveitar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 713,2 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 707,2 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 13,14% en lögbundið hámark þess er 14,52%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokkni nam 0,44% en lögbundið hámark þess er 0,5%, í B-flokkni nam álagningarhlutfallið 1,32% sem er lögbundið og í C-flokkni nam álagningarhlutfallið 1,65% en lögbundið hámark þess er 1,32% auk heimildar sveitarstjórnar til að hækka álagningarhlutfall í A- og C-flokkni um allt að 25%.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 415,1 millj. kr. og voru ársverk um 46.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt ársreikningi A og B hluta var jákvæð um 6,5 millj. kr., en rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 6,1 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi.

Heildareignir sveitarfélagsins námu 2.410,6 millj. kr. og heildarskuldir 348,6 millj. kr. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 2.062 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé A hluta nam 2.042,4 millj. kr.

Ársreikningur Hvalfjarðarsveitar fyrir árið 2016 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Hvalfjarðarsveit, 14. mars 2017.



Ársreikningur Hvalfjarðarsveitar fyrir árið 2016 hefur hlutið afgreiðslu sveitarstjórnar í samræmi við ákvæði 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í sveitarstjórn.

Hvalfjarðarsveit, 28. mars 2017.

Sveitarstjórn:

Björgvin Þólgason
Jónína Ólafsdóttir
Stefán G. Ámannsson
Jonella Sigurjónsdóttir
Jóni Ólafsson
Gísli Þóroddóttir

Daniell Óttesar

Rekstrarreikningur ársins 2016

		A hluti	A hluti	A og B hluti	A og B hluti	
	Skýr.	2016	Áætlun 2016 með viðaukum	2015	2016	Áætlun 2016 með viðaukum
Tekjur:						
Útsvör og fasteignaskattar		651.699.391	637.601.600	605.750.654	651.533.467	637.553.600
Áðrar tekjur		55.545.139	52.340.000	54.954.931	61.653.041	58.148.000
Gjöld:		3,4	707.244.530	689.941.600	660.705.585	713.186.508
Laun og launatengd gjöld		5	395.248.155	374.094.000	366.559.927	395.310.407
Annar rekstrarkostnaður		6	262.749.089	261.417.600	257.101.019	266.743.654
Afskriftir		3,9	48.466.130	48.575.000	49.393.022	49.914.290
		8	706.463.374	684.086.600	673.053.968	711.968.351
Rekstrarfkomu fyrir fjármagnsliði, jákvæð (neikvæð)		781.156	5.855.000	(12.348.383)	1.218.157	8.045.000
Fíarmunatekiur og fjármagnsgjöld		3,7	23.375.659	34.472.000	4.917.081	23.371.855
Rekstrarfkomu fyrir aðra liði, jákvæð (neikvæð)			24.156.815	40.327.000	(7.431.302)	24.590.012
Aðrar tekjur og gjöld:						
Áhrif dótturfélaga			6.378.340	3.072.000	(3.324.459)	6.378.340
Framlag til uppgjörs á lifeyrisskuldbindingu			(3.600.000)	(20.846.000)	(3.600.000)	3.072.000
Stafsløkasamningur			(20.846.000)	(17.774.000)	(20.846.000)	(3.324.459)
			(18.067.660)	(3.324.459)	(18.067.660)	(17.774.000)
Rekstrarniðurstæða, jákvæð (neikvæð)	1,2,3,	24	6.089.155	22.553.000	(10.755.761)	6.522.352
Önnur mál						20-21
Lýkiltölur						22-24
Ábyrgða- og skuldbindingayfirlit						25

Efnahagsreikningur

		Eignir:			
	Skýr.	A hluti	A hluti	A og B hluti	A og B hluti
		31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015
Fastafjármunir:					
Varanlegir rekstrarfjármunir:					
Fasteignir, lóðir og lendur		982.128.564	922.958.843	982.128.564	922.958.843
Veitukerfi		341.187.931	355.754.261	362.912.385	377.985.877
Gatna- og götuljósakerfi		82.883.018	40.740.386	82.883.018	40.740.386
Búnaður og tæki		27.636.633	35.885.879	27.636.633	35.885.879
	3,9	<u>1.433.836.146</u>	<u>1.355.339.369</u>	<u>1.455.560.600</u>	<u>1.377.570.985</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:					
Eignarhlutar í félögum	10	885.536.510	866.533.918	885.536.510	866.533.918
Langtímakröfur	11	<u>10.129.089</u>	<u>13.657.035</u>	<u>10.129.089</u>	<u>13.657.035</u>
	3	<u>895.665.599</u>	<u>880.190.953</u>	<u>895.665.599</u>	<u>880.190.953</u>
	Fastafjármunir	<u>2.329.501.745</u>	<u>2.235.530.322</u>	<u>2.351.226.199</u>	<u>2.257.761.938</u>
Veltufjármunir:					
Skammtímakröfur:					
Óinnheimtar skatttekjur	3	40.442.758	29.590.682	40.442.758	29.590.682
Skammtímakröfur eigin fyrirtæki		2.182.848			
Aðrar skammtímakröfur		13.343.375	10.810.128	13.343.375	10.810.128
Næsta árs afborganir langtímakrafna		3.695.658	4.177.012	3.695.658	4.177.012
Skammtímakröfur samtals	12	<u>59.664.639</u>	<u>44.577.822</u>	<u>57.481.791</u>	<u>44.577.822</u>
Handbært fé	3	<u>1.885.869</u>	<u>69.191.121</u>	<u>1.885.869</u>	<u>69.191.121</u>
	Veltufjármunir	<u>61.550.508</u>	<u>113.768.943</u>	<u>59.367.660</u>	<u>113.768.943</u>
Eignir utan efnahagsreiknings	3				
	Eignir samtals	15	<u>2.391.052.253</u>	<u>2.349.299.265</u>	<u>2.410.593.859</u>
					<u>2.371.530.881</u>

Hvalfjarðarsveit

31. desember 2016

Eigið fé og skuldir:

	A hluti	A hluti	A og B hluti	A og B hluti
Skýr.	31.12.2016	31.12.2015	31.12.2016	31.12.2015

Eigið fé:

Eigið fé	13,15	<u>2.042.401.890</u>	<u>2.033.382.735</u>	<u>2.061.943.496</u>	<u>2.052.491.144</u>
----------------	-------	----------------------	----------------------	----------------------	----------------------

Langtímaskuldir:

Skuldir við lánastofnanir	3,14	<u>224.288.215</u>	<u>234.280.528</u>	<u>224.288.215</u>	<u>234.280.528</u>
---------------------------------	------	--------------------	--------------------	--------------------	--------------------

Skammtímaskuldir:

Viðskiptaskuldir		45.655.717	38.517.510	45.655.717	38.517.510
Viðskiptaskuldir eigin fyrirtæki		(2.248.487)			
Næsta árs afborganir langtímaskulda		14.902.711	14.268.244	14.902.711	14.268.244
Aðrar skammtímaskuldir		63.803.720	31.098.735	63.803.720	31.973.455
		<u>124.362.148</u>	<u>81.636.002</u>	<u>124.362.148</u>	<u>84.759.209</u>

Skuldir og skuldbindingar samtals		<u>348.650.363</u>	<u>315.916.530</u>	<u>348.650.363</u>	<u>319.039.737</u>
-----------------------------------	--	--------------------	--------------------	--------------------	--------------------

Liðir utan efnahagsreiknings 3,16-18

Tengdir aðilar 19

Önnur mál 20-21

Eigið fé og skuldir samtals 15 2.391.052.253 2.349.299.265 2.410.593.859 2.371.530.881

Sjóðstreymi árið 2016

		A hluti	A hluti	A og B hluti	A og B hluti	
	Skýr.	2016	Áætlun 2016 með viðaukum	2015	2016	Áætlun 2016 með viðaukum
Rekstrarhreyfingar:						
Rekstrarniðurstæða, jákvæð (neikvæð)		6.089.155	22.553.000	(10.755.761)	6.522.352	23.743.000
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárvæmi:						
Afskriftir		48.466.130	48.575.000	49.393.022	49.914.290	50.889.000
Áhrif dötturfélaga		(6.378.340)	(3.072.000)	3.324.459	(6.378.340)	(3.072.000)
Verðbætur		4.204.216	(348.000)	5.046.887	4.204.216	(348.000)
Veltufé frá rekstri		52.381.161	67.708.000	47.008.607	54.262.518	71.212.000
Breytingar á skammtímalíðum:						
Skammtímakröfur, breyting		(12.945.160)	2.040.000	2.128.396	(12.945.160)	2.070.000
Skammtímaskuldur, breyting		39.576.699	21.220.000	(9.443.843)	38.701.979	21.320.000
Breytingar		26.631.539	23.260.000	(7.315.447)	25.756.819	23.390.000
Handbært fé frá rekstri		79.012.700	90.968.000	39.633.160	80.019.337	94.602.000
Fjárfestingarhreyfingar:						
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum		(124.032.907)	(119.000.000)	(6.119.348)	(124.973.905)	(144.000.000)
Lækkun éfnisborgða		(12.101.000)	(12.398.000)		(12.101.000)	(12.398.000)
Fjárfesting í eignarhlutum		4.164.809	4.338.000	4.424.610	4.164.809	4.338.000
Langtímakröfur, breyting		(131.969.098)	(127.060.000)	(1.694.738)	(132.910.096)	(152.060.000)
Fjárfestingarhreyfingar						
Ný langtímalán					46.072.470	46.072.470
Afborganir langtímalána		(14.414.493)	(14.303.000)	(10.340.636)	(14.414.493)	(14.303.000)
Eigin fyrirtæki, breyting		65.639	(21.366.000)	(5.199.451)		
Fjármögnumnarhreyfingar		(14.348.854)	(35.669.000)	30.532.383	(14.414.493)	(14.303.000)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		(67.305.252)	(71.761.000)	68.530.805	(67.305.252)	(71.761.000)
Handbært fé í ársþyrjun		69.191.121	72.761.000	660.316	69.191.121	72.761.000
Handbært fé í árslok		1.885.869	1.000.000	69.191.121	1.885.869	1.000.000

Skýringar

Um sveitarfélagið:

1. Hvalfjarðarsveit er sveitarfélag við norðanverðan Hvalfjörð á Vesturlandi. Þar bjuggu 631 íbúar þann 1. desember 2016. Stjórnsýsluskrifstofa sveitarfélagsins er að Innrimel 3. Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

Reikningsskilin:

Grundvöllur reikningsskilanna

2. Ársreikningur Hvalfjarðarsveitar árið 2016 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta, þ.e. sveitarsjóðs, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta eru Hvalfjarðarveitur, sem eru að fullu í eigu sveitarfélagsins.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru feldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir:

3. Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum, nema annað sé tekið fram.
 - Innlausn tekna*

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra, en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvör, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem löðarleiga.

Tekjur vegna gatnagerðar eru færðar til lækkunar á viðkomandi eignalið í efnahagsreikningi, s.s. framkvæmdakostnaði vegna nýbyggingar gatnamannvirkja. Tekjur umfram framkvæmdakostnað eru færðar meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi. Reynist kostnaður við framkvæmdir lægri en tekjur vegna viðkomandi verkefnis er færsla tekna í rekstrarreikning gerð við verklok.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna og fasteignatengdra réttinda eru reiknuð sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og færð í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða rekstrargjalda, eftir því sem við á.

- Færsla gjalda*

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

Skýringar, frh.:**c. Verðlags- og gengisviðmið**

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast eru færð í rekstrarreikning.

d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af, eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Fjárfesting vegna gatnagerðar framkvæmda er eignfærð að frádregnum tekjum er tengjast viðkomandi verkefni.

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðar á gangverði eða núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum, sé það lægra. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Endurmat lóða og lendna er fært á eiginfjárrrekning.

e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshlut miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð. Eignfærðar jarðeignir eru ekki afskrifaðar. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

	Ár
Fasteignir	25 og 40
Bifreiðar.....	7
Áhöld og tæki.....	5-7
Gatnakerfi.....	25
Veitukerfi.....	25

Lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru ekki afskrifaðar.

f. Eignarhlutir í félögum og stofnunum

Hlutabréf Spalar hf. eru færð til eignar á framreknuðu kaupverði samkvæmt ákvæðum í bréfunum um verðtryggingu þeirra. Hlutabréf sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningardegi ársins. Önnur hlutabréf eru bókfærð á kostnaðarverði.

Eignarhlutar í sameignarfélögum öðrum en Faxaflóahöfnum sf. eru bókfærðir samkvæmt hlutdeild í eigin fé þeirra 1. janúar 2003.

Eignarhluti í Faxaflóahöfnum sf. er bókfærður samkvæmt hlutdeild í eigin fé félagsins við stofnun (1. Janúar 2005) að viðbættu kaupverði á stofnfé eftir stofnun félagsins.

Framlög sveitarsjóðs til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

g. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikningi meðal veltufjármuna.

h. Birgðir

Birgðir af efnisvörum eru metnar á kostnaðarverði.

i. Óinnheimtar skatttekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar skatttekjur, aðrar kröfur og verðbréf eru færð niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi lið í efnahagsreikningi.

Skýringar, frh.:

j. *Handbært fé*

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

k. *Eignir utan efnahagsreiknings*

Fjárfesting í landi sem ekki er leigt út og umferðarmannvirkjum fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

l. *Langtímaskuldir*

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikningi í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar í efnahagsreikningi meðal skammtímaskulda.

m. *Ábyrgðir og aðrar skuldbindingar utan efnahagsreiknings*

Upplýsingar um ábyrgðir og aðrar skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 16.

n. *Fjárhagsáætlun og sundurliðanir*

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2016 er hluti ársreikningins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymsyfirliti og skýringum. Um er að ræða fjárhagsáætlun með viðaukum sem sveitarstjórn hefur samþykkt. Gerð er grein fyrir upphaflega samþykkti fjárhagsáætlun, samþykktum viðaukum og fjárhagsáætlun með viðaukum í skýringu 24.

Hvalfjarðarsveit

Skýringar, frh.:

Rekstrartekjur:

4. Rekstrartekjur greinast þannig:	A hluti		A og B hluti	
	2016	Áætlun 2016 með viðaukum	2016	Áætlun 2016 með viðaukum
Útsvör og fasteignaskattar				
Útsvar	268.356.154	255.476.600	268.356.154	255.476.600
Fasteignaskattur	381.670.689	380.461.000	381.504.765	380.413.000
Lóðaleiga	1.672.548	1.664.000	1.672.548	1.664.000
Skatttekjur samtals	<u>651.699.391</u>	<u>637.601.600</u>	<u>651.533.467</u>	<u>637.553.600</u>

Aðrar tekjur

Þjónustutekjur	34.092.792	38.403.000	43.180.520	47.575.000
Eignatekjur	6.734.381	5.707.000	6.734.381	5.707.000
Vörur og þjónusta til eigin nota	2.979.826	3.364.000		
Endurgreiðslur	10.234.425	2.840.000	10.234.425	2.840.000
Aðrar tekjur	<u>1.503.715</u>	<u>2.026.000</u>	<u>1.503.715</u>	<u>2.026.000</u>
	<u>55.545.139</u>	<u>52.340.000</u>	<u>61.653.041</u>	<u>58.148.000</u>
Rekstrartekjur samtals	<u>707.244.530</u>	<u>689.941.600</u>	<u>713.186.508</u>	<u>695.701.600</u>

Laun og launatengd gjöld:

5. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

Föst laun	286.317.891	269.965.000	286.317.891	269.965.000
Önnur laun	14.941.238	18.066.000	15.003.490	18.315.000
Yfirvinna	29.417.199	23.077.000	29.417.199	23.077.000
Aðrar greiðslur (launaígildi)	1.394.890	1.386.000	1.394.890	1.386.000
Ökutækjastyrkur	6.362.734	6.812.000	6.362.734	6.812.000
Launatengd gjöld	<u>77.660.203</u>	<u>75.634.000</u>	<u>77.660.203</u>	<u>75.634.000</u>
	<u>416.094.155</u>	<u>394.940.000</u>	<u>416.156.407</u>	<u>395.189.000</u>
Starfslokasamningur fært á óreglulega liði	(20.846.000)	(20.846.000)	(20.846.000)	(20.846.000)
	<u>395.248.155</u>	<u>374.094.000</u>	<u>395.310.407</u>	<u>374.343.000</u>

Við árslok voru um 61 starfsmenn í starfi hjá Hvalfjarðarsveit, starfsmenn skiliðu um 46 ársverkum. Laun og starfstengdar greiðslur sveitarstjórnar og sveitarstjóra námu 27,5 millj. kr. á árinu.

Hvalfjarðarsveit

Skýringar, frh.:

Annar rekstrarkostnaður:	A hluti		A og B hluti	
	2016	Áætlun 2016 með viðaukum	2016	Áætlun 2016 með viðaukum
6. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:				
Vörukaup og viðhaldsvörur	21.824.553	20.713.000	22.293.904	21.437.000
Prentun, sími og auglýsingar	5.044.770	4.180.000	5.059.457	4.192.000
Akstur og flutningsgjöld	31.452.334	27.824.000	31.452.334	27.824.000
Móttaka, námskeið og ferðakostnaður	5.478.790	3.754.000	5.478.790	3.754.000
Sérfræðibjónusta	31.746.765	29.570.000	32.099.565	29.930.000
Ýmis aðkeypt þjónusta	40.219.265	36.845.000	47.621.073	43.632.000
Leigugreiðslur	2.300.069	1.575.000	2.542.507	1.575.000
Orkukaup	11.368.157	10.826.000	12.704.564	12.312.000
Mannvirkjagerð og viðhald	36.100.383	42.864.000	36.100.383	42.864.000
Vátryggingar og opinber gjöld	3.556.798	3.125.000	3.675.876	3.189.000
Eignakaup	7.829.876	5.934.000	7.829.876	5.934.000
Styrkir og framlög	65.629.183	69.783.600	59.687.179	61.357.600
Niðurfærsla	198.146		198.146	
Annar kostnaður		4.424.000		4.424.000
	<u>262.749.089</u>	<u>261.417.600</u>	<u>266.743.654</u>	<u>262.424.600</u>

Fjármagnsliðir:

7. Fjármagnsliðir greinast þannig:

<i>Fjármunatekjur</i>				
Tekjur af eignahlutum	34.267.274	30.840.000	34.267.274	30.840.000
Vaxtatekjur og verðbætur	6.680.932	10.012.000	6.680.932	10.012.000
Vaxtatekjur og verðbætur eigin fyrirtækja	3.804	1.000.000		
	<u>40.952.010</u>	<u>41.852.000</u>	<u>40.948.206</u>	<u>40.852.000</u>
<i>Fjármagnsgjöld</i>				
Vaxtagjöld og verðbætur	16.017.735	5.280.000	16.017.735	5.280.000
Gengismunur	56.078		56.078	
Fjármagnstekjkuskattur	1.502.538	2.100.000	1.502.538	2.100.000
	<u>17.576.351</u>	<u>7.380.000</u>	<u>17.576.351</u>	<u>7.380.000</u>
Fjármagnsliðir, nettó	<u>23.375.659</u>	<u>34.472.000</u>	<u>23.371.855</u>	<u>33.472.000</u>

Heildaryfirlit um rekstur:

8. Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur 2016			Áætlun með viðaukum
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	
<i>Aðalsjóður</i>				
Skatttekjur		679.563.997	679.563.997	665.778.000
Félagsþjónusta	75.438.386	858.634	(74.579.752)	(74.174.000)
Fræðslu- og uppeldismál	470.575.884	26.110.943	(444.464.941)	(430.611.000)
Menningarmál	32.203.263	5.983.202	(26.220.061)	(29.985.000)
Æskulýðs- og íþróttamál	19.628.072	1.261.890	(18.366.182)	(21.438.000)
Brunamál og almannavarnir	15.000.827		(15.000.827)	(13.011.000)
Hreinlætismál	15.605.577	10.436.532	(5.169.045)	(2.623.000)
Skipulags- og byggingamál	48.075.273	11.106.058	(36.969.215)	(30.309.000)
Umferðar- og samgöngumál	9.225.563		(9.225.563)	(11.731.000)
Umhverfismál	6.991.417	244.518	(6.746.899)	(7.956.000)
Atvinnumál	38.371.656	10.392.813	(27.978.843)	(29.296.000)
Framlög til reksturs B hluta	6.936.004		(6.936.004)	(9.937.000)
Sameiginlegur kostnaður	127.506.142	28.336.353	(99.169.789)	(93.255.000)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	2.139.698	96.004.814	93.865.116	90.224.000
Aðalsjóður samtals	<u>867.697.762</u>	<u>870.299.754</u>	<u>2.601.992</u>	<u>1.676.000</u>

Hvalfjarðarsveit

Skýringar, frh.:

	Ársreikningur 2016			Áætlun með viðaukum
	Gjöld	Tekjur	Mismunur	
A hluta stofnanir				
Eignasjóður	169.774.254	173.261.417	3.487.163	20.877.000
Innri færslur A hluta	(237.533.024)	(237.533.024)		
A hluti samtals	<u>799.938.992</u>	<u>806.028.147</u>	<u>6.089.155</u>	<u>22.553.000</u>
B hluta fyrirtæki				
Hvalfjarðarveitur	16.528.479	16.961.676	433.197	1.190.000
Innri færslur A og B hluta	(10.849.970)	(10.849.970)		
A og B hluti samtals	<u>805.617.501</u>	<u>812.139.853</u>	<u>6.522.352</u>	<u>23.743.000</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir:

9. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

a. *Bókfært verð A hluti*

	Fasteignir og lóðir	Gatnagerð og veitukerfi	Bifreiðar, tæki og búnaður	Samtals
Heildarverð í ársbyrjun	1.317.496.197	432.661.198	87.127.342	1.837.284.737
Afskrifað áður	(394.537.354)	(36.166.551)	(51.241.463)	(481.945.368)
Bókfært verð í ársbyrjun	922.958.843	396.494.647	35.885.879	1.355.339.369
Viðbót á árinu	79.239.377	44.793.530		124.032.907
Endurmat lóða og lendna	2.930.000			2.930.000
Afskrifað á árinu	(22.999.656)	(17.217.228)	(8.249.246)	(48.466.130)
Bókfært verð í árslok	<u>982.128.564</u>	<u>424.070.949</u>	<u>27.636.633</u>	<u>1.433.836.146</u>
Heildarverð samtals	1.399.665.574	477.454.728	87.127.342	1.964.247.644
Afskrifað samtals	(417.537.010)	(53.383.779)	(59.490.709)	(530.411.498)
Bókfært verð í árslok	<u>982.128.564</u>	<u>424.070.949</u>	<u>27.636.633</u>	<u>1.433.836.146</u>
Afskriftarhlutföll	2-4%	4%		15%

b. *Bókfært verð A og B hluti*

	Fasteignir og lóðir	Gatnagerð og veitukerfi	Bifreiðar, tæki og búnaður	Samtals
Heildarverð í ársbyrjun	1.317.496.197	478.001.530	87.127.342	1.882.625.069
Afskrifað áður	(394.537.354)	(59.275.267)	(51.241.463)	(505.054.084)
Bókfært verð í ársbyrjun	922.958.843	418.726.263	35.885.879	1.377.570.985
Viðbót á árinu	79.239.377	45.734.528		124.973.905
Endurmat lóða og lendna	2.930.000			2.930.000
Afskrifað á árinu	(22.999.656)	(18.665.388)	(8.249.246)	(49.914.290)
Bókfært verð í árslok	<u>982.128.564</u>	<u>445.795.403</u>	<u>27.636.633</u>	<u>1.455.560.600</u>
Heildarverð samtals	1.399.665.574	523.736.058	87.127.342	2.010.528.974
Afskrifað samtals	(417.537.010)	(77.940.655)	(59.490.709)	(554.968.374)
Bókfært verð í árslok	<u>982.128.564</u>	<u>445.795.403</u>	<u>27.636.633</u>	<u>1.455.560.600</u>
Afskriftarhlutföll	2-4%	4%		15%

Hvalfjarðarsveit

Skýringar, frh.:

c. Fjárfesting A og B hluti

	Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu greinist þannig:	Fjárfesting 2016	Áætlun 2016 með viðaukum
<i>A hluti</i>			
Jörð	40.239.377	40.000.000	
Íbúðarhúsnæði	39.000.000	39.000.000	
Gatnakerfi	44.336.748	40.000.000	
Ljósleiðari	456.782		
	<u>124.032.907</u>	<u>119.000.000</u>	
<i>B hluti</i>			
Borarir eftir heitu vatni	940.998	15.000.000	
Vatnsveita		10.000.000	
	<u>940.998</u>	<u>25.000.000</u>	
Samtals	<u>124.973.905</u>	<u>144.000.000</u>	

d. Fasteignamat og vátryggingarverð A og B hluti

Vátryggingarmat, fasteignamat og bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna greinist þannig:

	Fasteigna- mat	Vátryggingar- mat	Bókfært verð
<i>A hluti</i>			
Grunnskólahúsnæði	157.650.000	706.064.000	564.193.474
Leikskólar	40.764.000	96.572.000	64.773.443
Íþróttamannvirki	47.539.000	212.090.000	35.979.054
Aðrar þjónustubýggingar	145.120.000	602.226.000	189.421.370
